



HVATARBLAÐIÐ

Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020 - 2032

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps boðar til fundar vegna endurskoðunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 20. október í Félagsheimilinu Borg.

Húsið opnar klukkan 19:30 og áætlað er að fundinum ljúki klukkan 21:30.

Fundardagskrá er eftirfarandi:

- Kynning frá Gísla Gíslasyni skipulagsráðgjafa hjá EFLU um aðalskipulagið
- Umræður um tillögu að nýju aðalskipulagi

Að lokum gefst íbúum, fasteignaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að ræða við skipulagsráðgjafa og vinnuhópinn, sem samanstendur af sveitarstjórn og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins, um einstök atriði í endurskoðun aðalskipulagsins.

Fundurinn er opinn öllum þeim sem vilja kynna sér og ræða helstu viðfangsefni og áherslur sveitarfélagsins í endurskoðuðu aðalskipulagi.

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps
Ása Valdís Árnadóttir
Oddviti



Opnunartímar bókasafns í október:

Mánudagar – 8:15 til 12:00 og 15:30 til 16:30

Þriðjudagar – 10:45 til 12:00

Miðvikudagar – 15:30 til 16:30

Fimmtudagar – 12:30 til 13:30 og 15:30 til 16:30

Tvo fimmtudaga í október verður opið frá **19:30 til 21:30**. Það eru dagarnir **21. og 28. október**.

Endilega kíkið á safnið þessi kvöld, þar er hægt að gera fleira en bara kíkja í bók. Ef þið viljið mæla ykkur mót og vinna handverk, spila eða spjalla þá er um að gera að nýta opnunartímana í þá veru.

Nudd og Heilsustofan á Laugarvatni býður upp á:
Jákvæð sálfræði (therapy)
Markþjálfun, Heilsunudd, Meðgöngunudd, Svæðameðferð.
Auktu vellíðan þína og styrkleika, á þessum viðkvæmu tímum.

Hjartanlega velkomin.

Katrín Erla S. 862-4809





Yoga

Yoga í Félagsheimilinu Borg

x 2 í viku frá og með **11. október nk.**

mánudaga og miðvikudaga frá kl. 17:30-18:30.

Ekki þarf að skrá sig, heldur eru tímarnir öllum opnir, jafnt byrjendum sem og þeim sem stundað hafa yoga áður. Þátttakendur vinsamlega mæti með yogadýnu og teppi fyrir slökunina.

Aukadýnur verða á staðnum ef vantar.

Stakur tími kostar kr. 1.200, en 10 tíma kort kr. 10.000.

Yogaþerapía

Býð upp á einkatíma í yogaþerapíu á Sólheimum.

Yogatherapía getur hjálpað til við að losa um spennu og streitu, haft jákvæð áhrif á ýmis stoðkerfisvandamál og bætt heilsu og líðan almennt.

Nánari upplýsingar og bókanir í síma; 8668696, eftir kl. 16:00,

eða á netfangið kristinalbertsdottir@gmail.com

Kær kveðja,
Kristín B. Albertsdóttir
Yogakennari

**Laugardaginn 9. október kl. 10:00
mun Hjálparsveitin Tintron standa fyrir viðburði
tengdum verkefninu Heilsueflandi samfélag.**

Ganga frá Úlfjótssvatni að Steingrímsstöð

Gangan hefst á Úlfjótssvatni og þaðan gengið vestan við vatnið í landi skógræktarinnar og endað við Steingrímsstöð, það gerir í heildina um 6,6 kílómetra og áætlaður tími göngunnar 2,5 - 3 klukkustundir.

Frá Steingrímsstöð verður boðið upp á tvo kosti til baka að Úlfjótssvatni í fylgd félaga úr sveitinni, þeir eru annarsvegar með bílum landleiðina og hinsvegar með bát yfir vatnið.

Í lok ferðar verður boðið uppá pylsur og meðlæti í þjónustumiðstöð skáta á Úlfjótssvatni.

Vonum við að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir þennan dag svo að þetta geti orðið að veruleika.

Skráning í gönguna skal berast á netfangið

tinni@landsbjorg.is

Hlökkum til að sjá ykkur.
Hjálparsveitin Tintron





Grímuball !

Grímuball verður haldið í
Félagsheimilinu Borg
föstudaginn 29. október n.k.
kl. 17:00 - 19:00 fyrir alla nemendur
leik- og grunnskóla Kerhólsskóla

Glens og gaman og eitthvað að maula

Foreldrar vinsamlegast fylgið börnum ykkar
og mætið endilega líka í búningum
Frír aðgangur.



Umsjón Kvenfélag Grímsneshrepps,
styrkt af Grímsnes- og Grafningshreppi



Félagsstarfið í Kvenfélagi Grímsneshrepps



Þann 13. september höldum við kvenfélagskonur haustfundinn okkar í Félagsheimilinu Borg. Þar fórum við meðal annars yfir það hvernig við höfum félagsstarfinu út þetta árið, dönsuðum og hlógum dátt með gestinum okkar, Margréti Erlu Maack. Það er engan bilbug á okkur að finna og gaman að segja frá því að á fundinum bættust tvær nýjar félagskonur í hópinn. Að venju sáu svo kvenfélagskonur um kosningakaffi í ný afstöðnum alþingiskosningum.

Við trúum því að faraldurinn sem herjað hefur á okkur sé heldur í rénun og stefnum að því að halda fjölskylduskemmtun í lok októbermánaðar og jólabingóið okkar í nóvember ásamt árlegum jólafundi. Helgina 15. til 17. október hefur stór hópur úr félaginu boðað komu sína á 39. landsþing Kvenfélagasambands Íslands sem haldið verður í Borgarnesi. En í Kvenfélagasambandi Íslands hefur Guðrún Þórðardóttir, okkar kona, gengt forsetaembætti frá árinu 2015.



Kaffikonur 1. vakt, alþingiskosningar 25. sept. 2021

Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir að ráða launafulltrúa í 75 - 100% starf.



Leitað er eftir einstaklingi sem hefur áhuga á tölum og sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf.

Launafulltrúi sér um launavinnslu sveitarfélagsins ásamt öðrum almennum skrifstofustörfum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- ✓ Launavinnsla og frágangur launa.
- ✓ Túlkun kjarasamninga og eftirlit með framkvæmd þeirra.
- ✓ Upplýsingagjöf varðandi launavinnslu og kjaratengd mál.
- ✓ Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda í málum tengdum mannauði og starfsmannahaldi s.s. vegna ráðningarsamninga.
- ✓ Ýmsar skýrslugerðir, greiningar, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála.
- ✓ Skjalavarsla.
- ✓ Önnur verkefni við s.s. bókhald, uppgjör og almenn skrifstofustörf.

Hæfniskröfur:

- ✓ Þekking af launavinnslu og/eða bókhaldi skilyrði.
- ✓ Sérhver menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- ✓ Góð kunnátta og færni í Excel.
- ✓ Þekking á Dk bókhaldskerfi kostur.
- ✓ Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- ✓ Hæfni til að greina gögn og upplýsingar.
- ✓ Þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2021.

Frekari fyrirspurnir og umsóknir sendist á oddviti@gogg.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Öllum umsóknum er svarað.



HJÁLPARSVEITIN TINTRON

Neyðarkallasala björgunarsveitanna fór fram fyrstu helgina í febrúar þar sem ekki reyndist hægt að sinna þeirri fjáröflun í nóvember árinu áður líkt og venja er vegna Covid-19.

Salan gekk mjög vel og fékk sveitin úthlutaðan stað í Hafnarfirði til viðbótar við okkar hefðbundnu sölu í okkar sveitarfélagi.

Síðar í febrúar var haldið upp á Bláfellsháls með Tinna 1 og Tinna snjóbil í æfingarferð.

Fór það svo að óskað var eftir aðstoð sveitarinnar inn í Leppistunguskála þar sem vélsleðamaður var bensínlaus ásamt því að vera nestislaus og orðinn kaldur.

Bensín var fengið hjá vélsleðaleigu við Geldingafell, því komið til mannsins, honum gefin næring og síðan fylgt niður að Bláfellshálsi þar sem bíllinn hans var.

Aðalfundur sveitarinnar var haldinn þann 17. mars og fóru þar fram hefðbundin aðalfundarstörf.

Breyting varð á stjórn þar sem Karl Þorkelsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu sem varaformaður og var Jakob Guðnason kosinn þar inn í hans stað.

Stjórnin telur því eftirtalda aðila.

Formaður - Jóhannes Þórólfur Guðmundsson

Varaformaður - Jakob Guðnason

Gjaldkeri - Patrik Thor Reynisson

Ritari - Björn Björnsson

Meðstjórnandi - Jón Þorkell Jóhannsson

Varamenn eru Karl Þorkelsson og Antonía Helga Guðmundsdóttir

Þann 20. mars átti að fara fram tækjamót Landsbjargar en það átti að halda á Kili.

Mótið var felld niður sökum veðurs þar sem mikið hafði rignt sem hafði í för með sér mikinn krupa á hálendinu.

Okkar félagar dóu ekki ráðalausir og héldu sína eigin æfingu og var byrjað á leitaræfingu í fjalllendi sem fór fram í Búrfelli.

Eftir hádegislokið var síðan haldin bátaæfing á Úlfliótsvatni og gengu báðar æfingarnar virkilega vel og tóku sex félagar þátt í þeim. 22. mars hófst gosvaktarferill sveitarinnar en töluvert magn vakta hafa verið mannaðar af félögum sveitarinnar á bílum, fjórhjólum og gangandi í alskyns aðstæðum.

Einnig kom ýmislegt uppá en annað framhjólið á Tinna 1 datt undan bílnum vegna bolta sem slitnuðu og var bíllinn fluttur sama kvöld á Ljónsstaði og kominn í gagníð daginn eftir.

31. mars komu í hús ný beltí undir snjóbíllinn ásamt sætum, legum, og hjólum.

Um páskahegina var svo klárað að koma nýju beltunum undir bíllinn.

Í apríl kom frístund Kerhólsskóla í heimsókn til okkar og fengu þau fræðslu um starf Slysavarnarfélagssins Landsbjargar og skoðuðu tæki og búnað sveitarinnar.

Þann 17. maí fóru fomaður og ritari á fund Lionsklúbbsins Skjaldbreiðar en þar fóru fram styrkveitingar til félagasamtaka í sveitarfélaginu og var þar á meðal viðtakenda Leikfélag Sólheima, Leikfélagið Borg og Hjálpar sveitin Tintron. Fengum við þar styrk að upphæð einni milljón króna til endurnýjunar á Tinna 2 og þökkum við Lionsklúbbum kærlega fyrir rausnarlegt framlag til okkar.

1. júlí var Tinni 2 af gerðinni Toyota Hilux seldur til Brunavarna Suðurnesja en hann sinnir nú fyrsta viðbragði á gosstöðvum á Reykjanesinu.

Nýr Tinni 2 er nú kominn til landsins og er í breytingu þessa dagana en mikil eftirvænting er eftir nýjum og öflugri Tinna 2.

21. júlí var farinn leiðangur inn að Tindaskaga þar sem sauðfé var í sjálfheldu.

Sex félagar sveitarinnar héldu í það verkefni ásamt tveimur frá Björgunarsveitinni Ingunni á Laugarvatni og einum bónda úr sveitinni sem hafði meðferðis hund.

Stóð þar einn lambhrútur eftir á sylu og endaði með því að sigið var niður til hans sem varð til þess að hann kom sér niður að sjálfsdáðum.

Þann 7. ágúst hélt hún Pernille í áheita göngu annað árið í röð til styrktar sveitarinnar og safnaði hún þar 195.000 krónum.

Einn félagi sveitarinnar tók á móti henni og vinkonu hennar á Nesjavöllum þar sem endastöðin var.

Við þökkum Pernille kærlega fyrir að leggja þetta á sig fyrir okkur þar sem við getum fyrir vikið eftir okkur enn frekar.

Vörubíllinn okkar hefur fengið upplýftingu í sumar en grindin á honum var máluð með svörtu vélalakki, skipt um timbur í palli og húsið á honum merkt með endurskins filmum og fleiru sem gerir bíllinn mun skemmtilegri ásýndar.

Tinni 1 er kominn með fullvirkann úrhleypibúnað sem auðveldar til muna að hleypa lofti úr dekkjum og dæla í þau ásamt því að styttu viðbragðstíma.

Í september sóttu fomaður og varaformaður Landsþing Slysavarnarfélagssins Landsbjargar sem haldið var í Hörpunni og í gegnum fjarfundi.

Meðan á því stóð fóru fjórir aðrir félagar í æfingarferð inn á Fjallabak og höfðu þar með fjórhjól til prufu.

Börn félagsmanna hafa verið mikið í kringum sveitina og fengið að taka virkan þátt í þeim verkum sem mögulegt er og má þar nefna ruslaferðir og aðstoð við að gróðursetja tré en sveitin mætti á vinnudag Skógræktarfélagss Grímsnesinga í verðandi yndisskógi ofan Borgarsvæðisins.

Plantað var með norðurkanti svæðisins þetta árið til að hefja myndun skjóls fyrir svæðið ásamt því að við fengum að velja okkur reit til að setja niður þann fjölda birkiplantna sem seldist sem rötarskot hjá okkur síðustu áramót.

Það er okkur mikil ánægja að sjá áhuga barnanna fyrir starfinu og leyfa þeim að taka þátt í því sem hentar, hver veit nema þarna leynist okkar framtíðar björgunarfólk.

Vinnukvöld eru eins og venja er á miðvikudagskvöldum og er öllum velkomið að líta við þegar það sjást kveikt ljós í húsinu.

Útköll

14. febrúar - Fastur bíll á Uxahryggjaleið

20. febrúar - Vélsleðaslys við Tjaldafell

7. mars - Göngukona í sjálfheldu ofan við Alviðru

2. maí - Tveir bílar fastir í leðju.

11. maí - Slösuð kona á Hengils svæðinu

18. júní - Bátur í vandræðum á Þingvallavatni

20. júní - Slasaður svifflugsmáður á Búrfelli í Holt og Landsveit

26. júní - Týndur ferðamaður við gosstöðvar á Reykjanesi

30. júní - Mannlaus bátur á Álftavatni

- 15. júlí - Örmagna göngufólk í skálanum Klakk
- 18. júlí - Slasaður einstaklingur á Fjallabaki
- 21. júlí - Slasaður einstaklingur við Botnsúlur
- 27. júlí - Týndur ferðamaður á Selfossi
- 28. júlí - Leit að einstakling í sjálfsvígshættu
- 8. ágúst - Slösuð kona á Fjallabaki
- 29. ágúst - Mótorhjólaslys innan við Vörðu
- 20. september - Slasaður ferðamaður við Hlaupungufoss
- 21. september - Fastur bíll í á við Nýjadal
- 23. september - Nautgripir í haughúsi
- 26. september - Leit að týndum ferðamanni í Selvogi



FUNDARGERÐ.

510. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. ágúst 2021 kl. 9.00 – 11.45

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

- a) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga.

1. Fundargerðir.

- a) Fundargerð 221. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 14. júlí 2021.

Mál nr. 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28 og 34 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 221. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 14. júlí 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 16: Leynir L230589; Miðengi; 8 frístundahúsalóðir; Deiliskipulag - (2103106).

Lagt er fram deiliskipulag frístundahúsalóða eftir auglýsingu sem tekur til Leynis L230589 úr landi Miðengis. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 8 frístundahúsalóðum að stærðinni frá 5.948 fm til 7.491 fm. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins og mælist til þess að brugðist verði við athugasemdum er varðar flóttaleið m.t.t. brunavarna. Jafnframt mælist sveitarstjórn til þess að lagfærður uppráttur verði sendur til yfirferðar Brunavarna Arnessýslu.

Mál nr. 17: Neðan-Sogsvegar 61 L169338, Norðurkot, Skipting lóðar, Deiliskipulagsbreyting - (2010091).

Lögð er fram að nýju uppfærð umsókn um deiliskipulagsbreytingu lóða Neðan-Sogsvegar 61, 61A og 61B. Í breytingunni felst ný skilgreining lóða og byggingarreita innan svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að óska eftir uppfærðum gögnum vegna málsins.

Mál nr. 18: Grýluhraun 1, 3 og 5; Farborgir; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting - (2008091).

Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu vegna sameiningar lóðar Grýluhrauns 1, 3 og 5 eftir grenndarkynningu. Umsögn barst vegna málsins frá sumarhúsafélagi svæðisins og er hún lögð fram til kynningar ásamt yfirlýsingu lóðarhafa er varðar sameiginlegan kostnað innan svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir grenndarkynningu með fyrirvara um lagfærð gögn. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Sveitarstjórn samþykkir

samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði sent til varðveislu Skipulagsstofnunar eftir að uppfærð gögn berast.

Mál nr. 19: Sogsvirkjanir; H20 og H22; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - (1811018).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Sogsvirkjana eftir kynningu. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 falla stöðvarnar þrjár og háspennulína í tengslum við virkjanir undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðasvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á náttúruminjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsbreytingar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Sogsvirkjanna í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 20: Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Földahálsi; Skilgreining iðnaðarsvæðis; Aðalskipulagsbreyting - (2010070).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna gufuafsvirkjunar á Földahálsi í landi Króks L170822 eftir kynningu. Í breytingunni felst skilgreining iðnaðarsvæðis á Földahálsi fyrir gufuafsvirkjun. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW sem nýtt verður fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins þann 3. mars 2021 þar til niðurstaða Skipulagsstofnunar er varðar matsskyldu verkefnisins lægi fyrir. Umsagnir bárust á

kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins auk niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps vegna Gufuafslvirkjunar á Fólaldahálsi í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 21: Vaðnes, 3. áfangi; Mosabraud 27; Ný lóðamörk og breyting á leik- og útivistarsvæði; Deiliskipulagsbreyting - (2107004).

Lögð er fram umsókn frá Byggðanesi ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi Vaðness, 3. áfanga. Í breytingunni felst breytt lega lóðar Mosabrautar 27 og breytingu á leik- og útivistarsvæði þar sem gert er ráð fyrir skilgreiningu nýrrar lóðar á hluta svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Sveitarstjórn mælist til þess að auglýsing skipulagsins verði kynnt sérstaklega fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða við skipulagsbreytinguna ásamt sumarhúsafélagi svæðisins sé það til staðar.

Mál nr. 22: Neðan-Sogsvegur 41 L169422; Skipting lands; Deiliskipulagsbreyting; Fyrirspurn - (2107005).

Lögð er fram fyrirspurn frá Þórkötlum M. Valdimarsdóttir er varðar skiptingu lóðarinnar Neðan-Sogsvegur 41 í landi Norðurkots.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í að unnið verði að deiliskipulagsbreytingu á svæðinu þar sem skilgreind verði lóð umhverfis hús fyrirspyrjanda.

Mál nr. 23: Kringla 2 og 9; Kringlugil 1 og 2; Deiliskipulag - (2107009).

Lögð er fram umsókn frá Ingibjörgu G. Geirsdóttur er varðar deiliskipulagningu tveggja lóða, Kringlugil 1 og 2,

úr Kringlu 2 og 9. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhús og úthús.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem sveitarstjórn getur ekki samþykkt fyrirhugaða aðkomu að lóðunum. Skipulagsfulltrúa falið ræða við hlutaðeigandi aðila.

Mál nr. 24: Útivistarsvæði Borg í Grímsnesi; Ú7; Deiliskipulag - (2107022).

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi er varðar nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði á Borg. Svæðið sem um ræðir er tæplega 19 ha að stærð og er ofan við núverandi byggð. Markmið skipulagsins er að skapa skjólgott útivistarsvæði með göngustígum, áningarstöðum og trjálundum til skjóls. Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir aðstöðuhús. Samhliða deiliskipulagi er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitafélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem opið svæði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem tillagan er í fullu samræmi við áður auglýsta aðalskipulagsbreytingu sem tekur til lands sveitarfélagsins norðan Biskupstungnabrautar.

Mál nr. 25: Minni-Borg lóð (L169150); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - viðbygging - (2106154).

Fyrir liggur umsókn Höllu H. Hamar fyrir hönd Kristínar Halldórsdóttur og Stefáns Sveinssonar, móttækin 28.06.2021, um byggingarleyfi til að byggja 19,3 m² við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Minni-Borg lóð L169150 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústað eftir stækkun verður 52 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 26: Neðra-Apavatn L168269; Sauðhóll 5; Neðra-Apavatn lóð (Sauðhóll 6) L169306; Stofnun og breytt staðfang lóðar - (2107045).

Lögð er fram umsókn eigenda Neðra-Apavatns L168269 um stofnun lóðar úr jörðinni skv. meðfylgjandi lóðablaði. Óskað er eftir að stofna 11.204 fm lóð og að hún fái staðfangið Sauðhóll 5. Jafnframt er óskað eftir að lóðin Neðra-Apavatn lóð L169306 fái staðfangið Sauðhóll 6.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðar í samræmi við framlagða umsókn. Sveitarstjórn mælist til þess að staðföng allra lóða við veg merktur Sauðhólsvegur á uppdrætti fái viðeigandi staðföng í samræmi við reglugerð um skráningu staðfanga.

Mál nr. 27: Villingavatn lóð L170965; Staðfesting á afmörkun lóðar - (2107065).

Lögð er fram umsókn Sveinbjarnar G. Haukssonar, dags. 25. júní 2021, um staðfestingu á afmörkun lóðar, Villingavatn lóð L170965. Hnitsett afmörkun hefur ekki legið fyrir áður og skv. meðfylgjandi lóðarblaði mælist hún 2.000 fm og er í samræmi við núverandi skráningu í fasteignaskrá.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um uppfært lóðarblað í samráði við skipulagsfulltrúa og samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hnitsettri afmörkun.

Mál nr. 28: Borgarleynir 7 L198615; Stækkun byggingarreits; Gestahús; Fyrirspurn - (2107069).

Lögð er fram fyrirspurn frá Gullhömrum ehf. er varðar staðsetningu gestahúss á lóð Borgarleynis 7 L198615.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við staðsetningu gestahúss sbr. framlagðan uppdrátt með fyrirvara um að lögð verði fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Í breytingunni felist að byggingarreitur lóðarinnar verði afmarkaður í 10 metra fjarlægð frá lóðarmörkum í áttina að lóð Borgarleynis 5.

Mál nr. 58: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-145.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní 2021.

b) Fundargerð 13. fundar bygginganefndar Búðarstígs 22, 6. júlí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 21. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 6. júlí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð aðalfundar Þristisins – félags landeigenda í frístundabyggð við Klausturgötu A, B og C, 23. júlí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Sorpútboð 2021-2025.

Fyrir liggur fundargerð frá opnunarfundi tilboða sem haldinn var 8. júlí 2021, ásamt minnisblaði um yfirferð tilboða, kostnaðaráætlun og tilboði Íslenska gámafélagsins, sem var lægstbjóðandi. Fylgigögnum tilboðs hefur verið skilað og þau yfirfarin og uppfyllir bjóðandi þær kröfur sem gerðar voru í útboðsgögnum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tilboð lægstbjóðanda, Íslenska gámafélagsins og felur sveitarstjóra / oddvita að ganga frá samningi um sorphirðu á grundvelli útboðsgagna.

3. Skipulagsmál – 2002014 - Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn vísar málinu til skipulagsnefndar.

4. Bréf frá Hjálparsveitinni Tintron vegna húsnæðismála.

Fyrir liggur bréf frá Jóhannesi Þ. Guðmundssyni f.h. Hjálparsveitarinnar Tintron, dags. 11. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir formlegum viðræðum um að eignast hlut sveitarfélagsins í húsnæðinu að Hraunbraut 2 (F2207326). Ástæðan er sú að núverandi húsakostur rúmar ekki tæki og búnað sveitarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og formanni veitunefndar að ræða við fulltrúa Tintron.

5. Vegslóði að jörðinni Lyngdal, jörðin Björk II, mótmæli o.fl.

Fyrir liggur bréf frá Ívari Pálssyni hrl. f.h. Landslaga dags. 3. ágúst 2021 þar sem fram kemur að eigendur jarðarinnar Bjarkar II hafi falið Landslögum að gæta hagsmuna sinna í tilefni af beiðni eiganda jarðarinnar Lyngdals um heimild til lagningar vegar að landi sínu. Jafnframt er óskað eftir öllum gögnum um málið sem sveitarfélaginu hafa verið send, ásamt því að umbjóðendum Landslaga verði kynnt málið á lögsmætum forsendum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita að afhenda umrædd gögn í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl.

Ingibjörg Harðardóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

6. Úrskurður til bráðabirgða í máli nr. 91/2021 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur úrskurður til bráðabirgða frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 91/2021 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar í Kiðjabergi. Var þess krafist að ákvörðunin yrði felld úr gildi og að réttaráhrifum deiliskipulagsbreytingarinnar yrði frestað.

Niðurstaða Úrskurðarnefndarinnar er að kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda og frestun réttaráhrifa hinnar kærðu deiliskipulagsákvörðunar er hafnað.

Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Björgvini Njáli Ingólfssyni vegna árskorta í íþróttamiðstöð og sundlaug.

Fyrir liggur bréf frá Björgvini Njáli Ingólfssyni, dagsett 26. júlí 2021 þar sem farið er fram á formlega afstöðu sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps til mismunandi gjaldtöku notenda íþróttamiðstöðvarinnar á Borg og upplýsingar um á hvaða lögum sú ákvörðun byggir.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara bréfinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl.

8. Eigendaskipti að hlutum í Límtré Vírnet ehf.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Límtré-Vírnets ehf. dagsett 16. júlí 2021 þar sem tilkynnt er að Þorsteinn V. Viggósson hafi ákveðið að selja alla hluti sína í Límtré Vírnet ehf. Um er að ræða alls 100.000 hluti að nafnvirði 1 kr. hver hlutur, sem jafngilda 0,07% af heildarhlutafé félagsins. Samkvæmt samþykktum félagsins hafa aðrir hluthafar félagsins forkaupsrétt að hlutunum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti sveitarfélagsins á hlutunum.

9. Beiðni frá Skipulagsstofnun um umsögn vegna eldisstöðvar að Hallkelshólum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn um hvort og á hvaða forsendum eldi á laxaseiðum að Hallkelshólum í Grímsnes- og Grafningshreppi skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn vísar erindinu til skipulagsnefndar.

10. Bréf frá Dómsmálaráðuneytinu varðandi greiðslu kostnaðar vegna fyrirhugaðra kosninga til Alþingis.

Fyrir liggur bréf frá Dómsmálaráðuneytinu dagsett 11. ágúst 2021 þar sem tilkynnt er um greiðslu kostnaðar vegna fyrirhugaðra kosninga til Alþingis þann 25. september 2021.

Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 9. júlí 2021, um umsögn vegna tækifærisleyfis þann 17. júlí til 18. júlí 2021 í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn tók málið fyrir á fjarfundi þann 9. júlí 2021 og fól sveitarstjóra að svara erindinu. Sveitarstjórn gerði ekki

athugasemdir við að leyfið yrði veitt og staðfestir hér með umsögn sína.

12. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 14. júlí 2021, um umsögn vegna tækifærisleyfis þann 9. júlí til 11. júlí 2021 í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn tók málið fyrir á fjarfundi þann 14. júlí 2021 og fól sveitarstjóra að svara erindinu. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við að leyfið yrði veitt og staðfestir hér með umsögn sína.

13. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 21. júlí 2021, um umsögn vegna tækifærisleyfis þann 24. júlí til 25. júlí 2021 í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn tók málið fyrir á fjarfundi þann 21. júlí 2021 og fól sveitarstjóra að svara erindinu. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við að leyfið yrði veitt og staðfestir hér með umsögn sína.

14. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um drög að reglum um lækkun og niðurfellingu dráttarvaxta á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.

Fyrir liggur bréf frá Bryndísi Gunnlaugsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 16. júlí 2021 þar sem kynnt eru drög að reglum um lækkun og niðurfellingu á dráttarvöxtum á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði sem sveitarfélög geta nýtt sér.

Bréfið lagt fram til kynningar.

15. Ársskýrsla og ársreikningur Fræðslunetsins fyrir árið 2020.

Fyrir liggur ársskýrsla og ársreikningur Fræðslunetsins fyrir árið 2020. Lagt fram til kynningar.

16. Í samráðsgátt stjórnvalda - undirbúningur að uppfærslu á skýrslu um stöðu innleiðingar Árósasamningsins.

Fyrir liggur að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið undirbýr nú uppfærslu á skýrslu um stöðu innleiðingar Árósasamningsins hér á landi. Tekið verður við almennum ábendingum og athugasemdum í samráðsgátt stjórnvalda til og með 23. ágúst n.k. auk þess sem unnt verður að gera athugasemdir við drög að skýrslunni þegar þau verða birt.

Lagt fram til kynningar.

17. Önnur mál.

a) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga.

Fyrir liggur auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn samþykkir að nýta heimild auglýsingar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 27. júlí s.l. hvað varðar notkun fjarfundarbúnaðar vegna Covid-19. Sveitarstjórn heimilar þannig að sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins noti fjarfundarbúnað á fundum og að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda með fjarfundabúnaði. Jafnframt verði heimilt að staðfesta fundargerðir með tölvupósti þegar um fjarfundi er að ræða. Heimild þessi gildir til 1. október n.k. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera tillögu að breytingum á samþykktum sveitarfélagsins hvað varðar heimild til að nýta fjarfundarbúnað á grundvelli breytingar á sveitarstjórnarlögum sem samþykkt var hinn 13. júní 2021.



FUNDARGERÐ.

511. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps
var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn
1. september 2021 kl. 9.00 - 12.15

Sveitarstjórn:

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði
Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

- a) Samkomulag um afnot af landsvæði fyrir grenndarstöð.
- b) Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

1. Fundargerðir.

- a) **Fundargerð 29. fundar fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. ágúst 2021.**

Mál nr. 3 og 5 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 29. fundargerð fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 17. ágúst 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Álagning fjallskila.

Formaður fjallskilanevndar kynnir tillögu fjallskilanevndar um að sveitarstjórn greiði hluta af unnum fjallskilum að frádregnum öðrum tekjum frá og með næsta ári.

Sveitarstjórn vísar málinu inn í fjárhagsáætlunargerð.

Mál nr. 5: Vegir og aðstaða við Kerlingu.

Fyrir liggur að vegurinn frá Sandkluftavatni inn að Kerlingu og niður á milli fjalla þarfnast lagfæringar. Til að hægt verði að sinna smalamennskum leggur fjallskilanevnd til að sveitarstjórn láti laga veginn fyrir fjallferð. Jafnframt þarf að skoða aðstöðu við gangnamannakofann í Kerlingu m.a. áningarhólf fyrir hrossin og óskar fjallskilanevnd eftir að sveitarstjórn láti kanna skálann og aðstöðuna.

Sveitarstjóra falið að gera ráðstafanir vegna vegar og aðstöðu við Kerlingu.

- b) **Fundargerð 222. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 25. ágúst 2021.**

Mál nr. 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40 og 49 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 222. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 25. ágúst 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 18: Öndverðarnes 2 L170117; Deiliskipulag - (2106151).

Lögð er fram umsókn frá Skarphéðni Kjartanssyni vegna deiliskipulags lóðar í landi Öndverðarness II L170117. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda á 11.600 fm sumarhúsaloð. Gert er ráð fyrir að byggja megi, að hámarks nýtingarhlutfalli lóðar 0,03, eitt sumarhús og gestahús allt að 40 fm.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið með fyrirvara um lagfærð gögn og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 19: Nesjavellir lóð 13 L202576; Aðstöðuhús; Deiliskipulagsbreyting - (2107090).

Lögð er fram umsókn frá Sigríði Arngrímsdóttur er varðar deiliskipulagsbreytingu að Nesjavöllum á lóð Orkuveitu Reykjavíkur. Í breytingunni felst skilgreining byggingarheimildar fyrir aðstöðuhúsi á lóð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 20: Borg í Grímsnesi; Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar; Þéttbýli; Aðalskipulagsbreyting - (2009016).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi eftir auglýsingu. Umsagnir bærust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bærust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21: Dvergahraun 23 L202168; Stækkun byggingareits; Deiliskipulagsbreyting - (2107092).

Lögð er fram umsókn frá Gunnari Stefánssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Farborga í landi Miðengis. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðar Dverghrauns 23 um sem nemur 5 metrum til suðurs. Fjarlægð byggingarreit frá lóðarmörkum verður eftir sem áður 15 metrar. Samþykki aðliggjandi lóða liggur fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem skriflegt samþykki nágranna liggur fyrir er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 22: Hestur L168251 (lóð 8); Ný lóðamörk og breytt lega byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - (2106009).

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til lóðarmarka og legu byggingarreits lóðar 8, L168251 innan frístundabyggðar í landi Hests eftir grenndarkynningu. Athugasemdir bærust á kynningartíma skipulagsbreytinga og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins vegna framlagðra athugasemda sem bærust vegna málsins. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við umsækjanda varðandi framgang og lausn málsins.

Mál nr. 23: Minni-Borg lóð B L198597; Byggingarreitur; Aðstöðuhús; Deiliskipulagsbreyting - (2108011).

Lögð er fram umsókn frá Minniborgum ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi Minni-Borgar lóð B L198597. Í breytingunni felst að skilgreindur er 600 fm byggingarreitur þar sem gert er ráð fyrir 130 fm aðstöðuhúsi/starfsmannahúsi fyrir starfsmenn Minniborga ehf.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Mál nr. 24: Sogsvegur 18C L169550; Sogsvegur 18B; Stofnun lóðar - (2108024).

Lögð er fram umsókn frá Önnu Margréti Ákadóttur er varðar stofnun 7.964 fm lóðar, Sogsvegur 18B, úr Sogsvegi 18C L169550 í takt við framlagða umsókn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar með fyrirvara um að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins þar sem gert er ráð fyrir að lóð Sogsvegar 18C verði tvær aðskildar lóðir líkt og afmörkun þeirra gerir ráð fyrir. Innan deiliskipulagsbreytingar sem tekur til viðkomandi svæðis og tók gildi þann 5. febrúar 2021 er gert ráð fyrir að lóðir innan skipulagssvæðisins séu 7 í stað 16 áður. Með umsókn þessari er gert ráð fyrir að lóðir innan svæðisins verði 8 talsins. Engar breytingar eru gerðar á hnitsettri legu lóða samkvæmt deiliskipulagsuppdraetti. Sveitarstjórn samþykkir

samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og verði grenndarkynnt innan skipulagssvæðisins.

Mál nr. 25: Nesjavallavirkjun L170925; Niðurrennslishola; Framkvæmdarleyfi - (2107044).

Lögð er fram umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir niðurrennslisholu vegna Nesjavallavirkjunar sem staðsett verður á borsvæði við afleggjara að ION hóteli. Niðurrennslisholan er boruð til að draga úr losun vatns á yfirborði og minnka þannig umhverfisáhrif vegna jarðhitavinnslu og styðja við jarðhitageyminn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Mál nr. 26: Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki) L170095; Safn, ferða- og þjónustuhús; Deiliskipulag - (2107038).

Lögð er fram umsókn frá Íslenska bænum ehf. er varðar deiliskipulag Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki) L170095. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustu- og aðstöðuhúss sem ætlað er að þjóna þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðinni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Málið verði sérstaklega kynnt landeigendum Öndverðarnes II. Óskað er eftir að samhljóða verði unnið að staðfestingu lóðarmarka lóðarinnar með útgáfu lóðarblaðs fyrir lóðina. Smári Bergmann Kolbeinsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 27: Jörfagerði 5 (L169286) og 6 (L169287); Mörk byggingarreits; Fyrirspurn - (2107036).

Lögð er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar er varðar stækkun byggingarreits á lóðum Jörfagerðis 5 og 6. Í breytingunni felst að byggingarreitir lóðarinnar er dreginn í 10 metra fjarlægð frá lóðarmörkum í stað 15 metra. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn. Sveitarstjórn mælist til þess að fyrirspyrjanda

verði kynntar leiðir til að sækja um breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

Mál nr. 28: Klausturhólar 2 (L168966); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður með millilofti og niðurfelling á mhl 01 sumarbústaður - (2107075).

Fyrir liggur umsókn Guðjóns Þ. Sigfússonar fyrir hönd Erlu Magnúsdóttur, móttækin 13. júlí 2021, um byggingarleyfi til að byggja 118,7 m² sumarhús í Klausturhólum 2, L168966, Grímsnes- og Grafningshreppi. Einnig er sótt um á sömu lóð niðurfellingu á skráningu fasteignar, afskrá á mhl 01 sumarbústaður 41,2 m², byggingarár 1986.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 29: Nesjar (L170877); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - (2107079).

Fyrir liggur umsókn Sigurðar Halldórssonar f.h. Klapparás ehf., móttækin 12. júlí 2021, um byggingarleyfi til að byggja 172,1 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Nesjar L170877, Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin er ekki skráð með stærð í þjóðskrá Íslands og enginn byggingarreitir er skilgreindur innan hennar. Lóðin er ekki hnitsett og er vafi um hvort að lóðin teljist hluti af gildandi deiliskipulagi svæðisins. Eldra hús var á lóðinni áður sem nú hefur verið rífið.

Sveitarstjórn telur að viðkomandi lóð sé ekki innan deiliskipulagsmarka lóða að Nesjum og mælist því til þess að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Mælist er til þess að hnitsett afmörkun lóðarinnar liggi fyrir við útgáfu byggingarleyfis. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Uppfærsla á deiliskipulagi frístundabyggðar að Nesjum hefur verið til umfjöllunar hjá skipulagsnefnd og sveitarstjórn og var lýsing deiliskipulagsbreytingar fyrir svæðið lögð fram og

samþykkt til kynningar á 185. fundi sveitarstjórnar þann 30. október 2019. Töluverðar athugasemdir bárust við skipulagslýsingu frá lóðarhöfum innan svæðisins sem varð til þess að vinnslu tillögu deiliskipulagsbreytingar fyrir svæðið stöðvaðist. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að annast samskipti við umsækjanda, sumarhúsafélag svæðisins og skipulagshönnuð skipulagsbreytinga sem taka til deiliskipulags að Nesjum með það að markmiði að tillaga á grundvelli lýsingar verði lögð fram til afgreiðslu í skipulagsnefnd og sveitarstjórn. Sveitarstjórn mælist til þess að uppfært deiliskipulag taki til allra lóða á umræddu svæði sem tekur til Nesja, Kleifarholts, Réttarháls og Tjarnarlautar.

Mál nr. 30: Oddsholt 33 (L202634); umsókn um byggingarleyfi; gestahús - (2108007).

Fyrir liggur umsókn Hauks Vigfússonar og Guðbjargar V. Sigurbjarnardóttur, móttækin 25. júlí 2021 um byggingarleyfi til að byggja 19,5 m² gestahús á Oddsholti 33 L202634, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 31: Hallkelshólar 17 (L228423); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - (2108008).

Fyrir liggur umsókn Svans Þ. Brandssonar fyrir hönd Elínar Ó. Guðmundsdóttur, móttækin 3. ágúst 2021 um byggingarleyfi til að byggja 45,5 m² sumarhús í Hallkelshólum 17, L228423, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 32: Hallkelshólar lóð 69 (L186617); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - viðbygging - (2106125).

Fyrir liggur umsókn Arnars A. Gunnþórssonar og Þórhildar E. Sigurðardóttur, móttækin 15. júní 2021, um byggingarleyfi til að byggja 95 m² við núverandi sumarhús í Hallkelshólum lóð 69 L186617, Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarhúsi eftir stækkun verður 165 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar og eftir að staðfest lóðarblað liggur fyrir skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 33: Borg í Grímsnesi; íbúðabyggð; Deiliskipulag - (2108030).

Lögð er fram tillaga að heildarendurskoðun deiliskipulags sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Á síðustu árum hefur atvinnutækifærum fjölgað í Grímsnes- og Grafningshreppi og er það forsenda fyrir áframhaldandi uppbyggingu þéttbýlisins á Borg. Mikil ásókn hefur verið í nýjar lóðir og með nýju deiliskipulagi áformar sveitarfélagið að mæta vaxandi eftirspurn eftir íbúðarlóðum með áherslu á fjölbreytni í íbúðastærðum og húsagerðum. Einnig verða unnar ýmsar lagfæringar á lóðamörkum, stígakerfi, byggingaskilmálum og fleiru vegna breyttra aðstæðna og nýrri og nákvæmari kortagagna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 34: Nesjavallavirkjun L170925; Grenndarstöð; Framkvæmdarleyfi - (2108032).

Lögð er fram umsókn um framkvæmdarleyfi frá Grímsnes- og Grafningshreppi fyrir gerð grenndarstöðvar. Gert er ráð fyrir gámum fyrir almennt sorp, gler, málma, plast, og

pappa ásamt tunnum fyrir lífrænan úrgang. Olíuheldur dúkur verður lagður undir planið ef mengunarslys á sér stað.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir gerð grenndarstöðvar.

Mál nr. 35: Nesjavellir L170825; Nesjavallavirkjun; Skiljuvatnslosun; Framkvæmdarleyfi - (2108034).

Orka náttúrunnar (ON) óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna breytinga og endurbóta á núverandi fyrirkomulagi skiljuvatnslosunar á Nesjavöllum, með það að markmiði að bæta kerfið en núverandi kerfi skiljuvatnslosunar þarfnast viðgerðar og endurnýjunar. Um er að ræða varnarbúnað sem eingöngu er í notkun þegar frávik er í hefðbundnum rekstri varmastöðvar og niðurrennslisveitu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Mál nr. 36: Ásgarður L168229; Hreinsistöð; Framkvæmdarleyfi - (2108033).

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi er varðar framkvæmdarleyfi fyrir uppsetningu nýrrar þriggja þrepa 400 persónueininga hreinsistöð í stað núverandi rotþróar að Ásborgum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Mál nr. 37: Hvammshraun; Hagavík C L231137; Stofnun lóðar - (2107076).

Lögð er fram umsókn frá Helga Þórssyni er varðar skiptingu á Hagavík B L231136 og Hagavík C L231137, sem birtast ekki í lista yfir lönd á vef UTU. Erfingjar jarðarhluta Ragnhildar Helgadóttur í Hagavík hyggjast slíta sameign sinni að hluta með frekari skiptingu jarðarpartsins eins og lýst er í erindinu. Hvorki eru ráðagerðir um framkvæmdir né sölu á hlutunum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við skiptingu landeignanna.

Mál nr. 38: Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - (2003014).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Torfastaða 1 L170828 í Grafningi. Í tillögunni felst að landnotkun á um 25 ha svæði innan jarðar Torfastaða er breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð. Samhliða er lögð fram fornleifaúttekt innan svæðisins til kynningar. Óskað var eftir heimild Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu skipulagsbreytinga. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum skipulagshöfundar.

Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar á fullnægjandi hátt þar sem við á. Að mati sveitarstjórnar er rökstuðningur fyrir breytti landnotkun á svæðinu fullnægjandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framlögð breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps sem tekur til Torfastaða 1 verði auglýst.

Mál nr. 39: Leynir L230589; Miðengi; 8 frístundahúsalóðir; Deiliskipulag - (2103106).

Lagt er fram deiliskipulag frístundahúsalóða eftir auglýsingu sem tekur til Leynis L230589 úr landi Miðengis. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 8 frístundahúsalóðum að stærðinni frá 5.948 fm til 7.491 fm. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Málinu var frestað á 221. fundi skipulagsnefndar þar sem mælt var til þess að brugðist væri við athugasemdum er varðar flóttaleið m.t.t. brunavarna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og telur að brugðist hafi verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins þar sem við á. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 40: Eldisstöð að Hallkelshólum; Matsskylda; Umsagnarbeiðni - (2108063).

Lögð er fram beiðni Skipulagsstofnunar er varðar umsögn sveitarfélagsins vegna eldis á laxaseiðum að Hallkelshólum í Grímsnesi. Innan umsagnar skal koma fram eftir því sem við á, hvort Grímsnes- og Grafningsshreppur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Sveitarstjórn telur að innan fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Sveitarstjórn telur að uppbygging á grundvelli framlagðra gagna sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og/eða framkvæmdaleyfis af hálfu sveitarfélagsins.

Mál nr. 49: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-147.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. ágúst 2021.

c) Fundargerð 571. fundar stjórnar SASS, 13. ágúst 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Varðandi fyrirhugaða kynnisferð sveitarstjórnarmanna á Suðurlandi til Danmerkur vill sveitarstjórn koma eftirfarandi bókun á framfæri.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að draga til baka þátttöku beggja fulltrúa sveitarfélagsins í ferðina vegna tímasetningar ferðarinnar og heimsfaraldurs.

2. Skipulagsmál - Miðengi L168261; Efnistaka úr námu; Framkvæmdaleyfi - (2105060).

Lögð er fram að nýju umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E12 í landi Miðengis sem frestað var afgreiðslu á fundi sveitarstjórnar þann 2. júní 2021. Í umsókninni fólst efnistaka að 50.000 m³ sem er hámarksefnistaka innan námunnar samkvæmt aðalskipulagi

Grímsnes- og Grafningsshrepps. Samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fram vegna málsins áætlaði umsækjandi að búið væri að vinna 48.400 m³ af efni á svæðinu. Sveitarstjórn frestaði málinu og fól skipulagsfulltrúa að annast mælingu á námunni og staðfesta það efnismagn sem úr námunni hefur verið unnið. Lögð er fram mæligögn ásamt loftmynd af svæðinu unnin af EFLU verkfræðistofu við afgreiðslu málsins.

Samkvæmt uppmælingu á svæðinu er varlega áætlað að unnið hafi verið um 192.000 m³ af efni úr námunni. Sú efnistaka sem að fram hefur farið innan svæðisins er því um 142.000 m³ umfram heimildir aðalskipulags sveitarfélagsins. Innan 1. viðauka, lið 2.01 laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir að efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m³ eða meira telist í flokki A samkvæmt skilningi laganna. Í flokki A eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Af þeim sökum telur sveitarstjórn að frekari efnistaka á svæðinu teljist háð mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að synja útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. Kvörtun vegna stjórnsýslu Grímsnes- og Grafningsshrepps - Mál nr. SRN21050105 – Kiðhólsbraut 27, Grímsnes- og Grafningshreppi, F2208629.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dagsett 17. ágúst 2021, þar sem lögð er fram kvörtun vegna meintrar ólögðmætrar stjórnsýslu sveitarfélagsins við álagningu fasteignagjalda á Kiðhólsbraut 27, Grímsnes- og Grafningshreppi. Jafnframt er lagt fram svarbréf lögmanns sveitarfélagsins, Óskars Sigurðssonar hrl. við kvörtuninni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða svarbréf lögmannsins og felur honum að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

4. Minnisblað frá Verkís um stækkun á íþróttamiðstöð.

Fyrir liggur minnisblað frá Verkís vegna kostnaðarmats á viðbyggingu við Íþróttamiðstöðina á Borg. Lagt fram til kynningar.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Brúarholti 1, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 25. ágúst 2021 um umsögn vegna leyfis til sölu gistingar í flokki II-G að Brúarholt 1, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.

6. Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2021.

Fyrir liggur fundarboð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns ehf. sem haldinn var 30. ágúst s.l. í Reykjavík. Fulltrúi sveitarfélagsins var Björn Kristinn Pálmarsson. Lagt fram til kynningar.

7. Önnur mál.

a) Samkomulag um afnot af landsvæði fyrir grenndarstöð.

Fyrir liggja drög að samkomulagi milli sveitarfélagsins og Orkuveitu Reykjavíkur um endurgjaldslaus afnot af 700 m² landsvæði innan jarðar Nesjavalla fyrir grenndarstöð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samkomulag og felur oddvita/sveitarstjóra að undirrita samkomulagið.

b) Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggur umsókn starfsmanns Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja umsækjanda til náms í kennarafræðum skv. lið nr. 1 í reglum sveitarfélagsins. Að auki er samþykkt samhljóða að veita styrk skv. 4. lið reglnanna um kostnað við skólagjöld og til bókakaupa.


BÍÓ




FÉLAGSHEIMILINU BORG

23. OKTÓBER 2021

LEIKFÉLAGIÐ BORG BÍÐUR UPP Á LEIKSÝNINGUNA
39 PREP Á HVÍTA TJALDINU
(ATHUGIÐ GÆÐIN ERU EKKI HÁKLASSA ENDA ER
PETTA TIL AÐ HAFA GAMAN SAMAN)
HÚSIÐ OPNAR KL. 18:00
PIZZAVAGNINN Á STAÐNUM OG BARINN OPINN.
BÍÓ HEFST KL. 20:00 MIÐAVERÐ 1.000 KR.
EINN DRYKKUR INNIFALINN Í VERÐI.



Saumakompan



TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:
jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com



Vetrarropnunartími:

Mánudaga:	09:30- 17:30
Þriðjudaga:	09:30- 17:30
Miðvikudaga:	09:30- 17:30
Fimmtudaga:	09:30- 17:30
Föstudaga:	09:30- 17:30
Laugardaga:	11:00 -17:30
Sunnudaga:	12:00 -16:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu
verslunarinnar

www.facebook.com/VersluninMinniBorg

Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kæru viðskiptavinir.



Glansmyndir er ný myndakassaleiga sem
býður upp á glæsilega myndakassa fyrir öll tilefni.

Við bjóðum nú upp á snertilausan myndakassa
þar sem þú getur stýrt kassanum beint úr símanum
þínum.

Fermingartilboð 2021

Myndakassi og bakgrunnur á 30.900 kr.

Veldu stærri pakkann í bókunarferlinu
og notaðu kóðann: ferming2021



GIF myndir



Boomerang



SMS deiling



QR kóði



Bakgrunnur

GRUNNPAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði



kr. 34.900

STÆRRI PAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali



kr. 39.800

ALLUR PAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali
Myndaprentari (100 myndir)



kr. 49.800

www.glansmyndir.is



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐIN BORG

Opnunartími

Frá 23. ágúst

MÁNUDAGA – FIMMTUDAGA
14:00 – 21:30

FÖSTUDAGA, LOKAÐ

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA
10:00 – 18:00

HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN
Í LAUGINA 20 MÍNÚTUM
FYRIR LOKUIN

Netfang:
sundlaug@gogg.is
Sími 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is